

## VII. KAFLI

## Ákvæði til bráðabirgða.

## 35. gr.

Allir þeir, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé, sem fellur undir reglugerðina, skulu innan 6 mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt, og sótt um leyfi, ella fellur niður heimild þeirra til þess að halda búfé.

Reglugerð þessi sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 og lögum nr. 31/1973, svo og með heimild í lögreglusamþykkt fyrir Akureyri nr. 45/ 1954, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1977.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

28. febrúar 1977.

Nr. 142.

## REGLUGERÐ

**um heilsugæslu og félagslega aðstoð við andlega vanþroska fólk, sem ekki dvelst í fávítastofnunum.**

## 1. gr.

Vangefið fólk, sem ekki er vistað í fávítastofnunum, skal njóta aðstoðar, er miðar að því að gera því fært að búa í heimahúsum, hvort heldur er hjá foreldrum, ættingjum, eða öðrum, sem taka að sér umönnun þess.

## 2. gr.

Við Kópavogshælið skal reka göngudeild, er hefur með höndum umsjón og skipulagningu þessarar þjónustu.

Göngudeild Kópavogshælis getur falið öðrum þeim stofnunum þjóðfélagsins, er aðstöðu hafa hver á sínu sviði, framkvæmd. Þær stofnanir geta verið heilsugæslustöðvar, geðverndarstöðvar, sálfræðideildir skóla, æfingastöðvar fyrir fatlaða, heimilishjálp, leikskólar, félagsmálastofnanir og endurhæfingarstöðvar.

## 3. gr.

Sérstaka skrá skal halda yfir alla vangefna bæði þá, sem eru í heimahúsum og stofnunum og færa á hana alla örvita, fávita og vanvita. Skrá má annað vanþroska fólk ef óskað er aðstoðar fyrir það samkvæmt reglugerð þessari.

Skráning vangefinna skal vera á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Göngudeild Kópavogshælis skal sjá um skráningu og þar skal varðveisla spjaldskrár vera. Við deildina skal starfa sálfræðingur, er annast skráningu og athuganir og mælingar á stigi og eðli vanþroskans.

## 4. gr.

Um fræðslu vangefinna fer að lögum um grunnskóla nr. 63/1974 og reglugerð um sérkennslu.

Við upphaf fræðsluskyldu skulu sálfræðideildir skóla fá afrit af spjaldskrá umdæmis síns vegna vangefinna, er þurfa sérkennslu. Þær annast endurathuganir vangefinna eftir því sem nauðsyn krefur til þess að fylgjast með þroskabreytingum og meta námshæfni meðan fræðsluskylda varir.

## 5. gr.

Þessir eru aðalþættir félagslegrar aðstoðar og heilsugæslu:

1. Rannsókn, hæfileikakönnun og önnur tiltæk greining á stigi og eðli vanþroskans ásamt skráningu (sbr. 3. gr.).
2. Sérfræðileg lækniþjónusta.
3. Tannlækningar.
4. Geðvernd. Viðtöl vegna vandkvæða hins vangefna og ýmiss konar vanda.
5. Sjúkraþjálfun.
6. Heimahjúkrun. Leiðbeining til foreldra og annarra, er annast vangefna, um uppdæmi, þjálfun og hjúkrun þeirra í heimahúsum.
7. Leikkennsla fyrir börn, leiðsögn í tómtundaiðju og iðjulækningum fyrir full-orðna. Þetta skal veitt í leikskólum, vernduðum vinnustöðum, endurhæfingarstofnunum og tómtundaheimilum eftir því, sem við verður komið.
8. Vinnumiðlun. Hún skal veitt á vegum vinnumiðlunar endurhæfingarráðs eins og öðrum öryrkjum.
9. Heimilishjálp til að aðstoða forsjármenn og koma í þeirra stað, þegar nauðsyn krefur. Hún skal tengd heimilishjálpi sveitarfélaga.
10. Tímabundin vistun í stofnunum fyrir vangefna í forföllum forsjármanns. Fávitastofnunum, er njóta daggjalda frá ríkinu, er skylt að mæta þessari þörf eftir því sem unnt er.

## 6. gr.

Um beina fjárhagsaðstoð við vangefna í heimahúsum fer að ákvæðum tryggingalaga, örorkumati tryggingayfirlæknis og reglum Tryggingastofnunar ríkisins um bætur.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga nr. 53/1967 um fávitastofnanir og tekur þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. febrúar 1977.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

**um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum vörum til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.**

## 1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nýta heimild í 21. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., til að fella niður aðflutningsgjöld af eftirtöldum vörum, tækjum, fylgihlutum og viðgerðarefnum, sem ætluð eru til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.